

A 1778/vækst

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um
þingmannatillögu um samstarf um ferðaþjónustu á norðurskautssvæðinu

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að setja á fót samstarf um ferðaþjónustu á norðurskautssvæðinu;

að styðja við miðlun á þekkingu um sjálfbæra ferðaþjónustu á norðurskautssvæðinu;

að setja saman greinargerð um bestu starfsvenjur fyrir ferðaþjónustu á norðurskautssvæðinu.

Bakgrunnur

Flokkahópur jafnaðarmanna lagði fram þingmannatillögu um að koma á ferðaklasa á norðurskautssvæðinu.

Í þingmannatillögunni er lagt til eftirfarandi:

Ferðaþjónusta á norðurslóðum fer ört vaxandi. Í því felast einstök tækifæri til hagvaxtar og atvinnusköpunar á nyrstu svæðum Norðurlandanna. En umhverfi og náttúra á norðurslóðum er viðkvæm. Nauðsynlegt er að læra af reynslu hvers annars og tryggja að ferðaþjónusta og hagvöxtur á norðurslóðum verði með sjálfbærum hætti og skaði ekki umhverfið.

Samstarf um ferðaþjónustu á norðurslóðum getur leitt saman hagsmunaaðila innan ferðaþjónustunnar. Staðbundnir, svæðisbundnir og landsbundnir hagsmunaaðilar geta tekið þátt í því. Samstarfinu til aðstoðar er skrifstofa sem sér um að safna saman og miðla milli hagsmunaaðilanna þekkingu og reynslu af sjálfbærri ferðaþjónustu á norðurslóðum. Sem dæmi má nefna reynslu sem Tromsø hefur af því að innleiða sérstaka gjaldtöku fyrir gistinætur og sem aðilar í grænlenkri ferðaþjónustu geta nýtt sér. Það á bæði við um grænlenka stjórnslu og ferðaþjónustuna en Grænlandingar búa sig undir mikinn vöxt í ferðaþjónustu þegar flugvellir þar í landi verða fleiri og stærri. Á sama hátt geta löndin átt samstarf um viðbúnað vegna skemmtiferðaskipa í norðurskautshöfum. Venjan er sú að tvö skip sigli í samfloti til að tryggja að hægt verði að flytja skipsfarþega sem eru í nauðum staddir af einu skipi yfir í annað. Dæmi þessi eru aðeins tvö af mörgum.



Álit nefndarinnar

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin ræddi þingmannatillöguna á fundi sínum 22. janúar og tók vel í tillöguna. Þó var óskað eftir því að nota orðið „samstarf“ í stað „klasa“ og bæta við stuttum texta um viðbúnað vegna skemmtiferðaskipa í norðurskautshöfum. Þá komu fram óskir um að Norræna ráðherranefndin tæki afstöðu til starfs Norðurskautsráðsins með „Arctic Tourism“ þegar hún afgreiðir/svarar tilmælum Norðurlandaráðs.

Víða er unnið er að málefnum ferðaþjónustu á norðurslóðum og oft í formi verkefna. Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurskautssvæðisins styður samstarfsverkefnið Visit Arctic Europe. Að því koma ýmsir einkaaðilar og opinberir aðilar í Norður-Noregi, Norður-Svíþjóð og Norður-Finnlandi og lögð er áhersla á að laða að ferðafólk og veita því þjónustu á þessum slóðum. Nýverið voru veittir styrkir til verkefna á við „Sustainable Tourism Development in the Nordic Arctic“ og „Partnership for Sustainability: Arctic Tourism in Times of Change“. Norræna samstarfsstofnunin NORA sem nær til Vestur-Noregs, Færeyja, Íslands og Grænlands fjallar einnig um málefni ferðaþjónustunnar. Landsbundnar og staðbundnar/svæðisbundnar ferðamálastofur vinna ýmist saman eða hver um sig. Meðal þeirra eru:

Association of Arctic Expedition Cruise Operators (AECO)

<https://www.aeco.no/>

North Atlantic Tourism Association <http://www.northatlantic-islands.com/>

Vestnorden Travel Mart <https://www.vestnorden.com/>

Einnig er mikilvægt að yfirvöld eigi samstarf sín á milli svo og þeir aðilar sem hafa umsjón með reglum á þessu sviði. Miklu máli skiptir að hinir ýmsu aðilar hafi sambærilegar reglur að fara eftir. Sú er ekki alltaf raunin í dag. Til að mynda eru vísbendingar um að útgerðir skemmtiferðaskipa velji siglingaleiðir og hafnir sem bjóða upp á lægst gjöld. Það er ekki alltaf besta lausnin, hvorki frá sjónarhóli atvinnulífs/ vinnumarkaðar eða umhverfis-/ öryggismála.

Þróunaráætlun fyrir Norræna Atlantssamstarfið (NAUST) verður samþykkt á fundi Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæran hagvöxt (MR-VÆKST) í júní 2019. Eitt aðgerðasvið hennar er sjálfbær ferðaþjónusta.

Að svo stöddu virðist vanta „nöf á hjólinu“ sem tengir saman rannsóknir/ þekkingu og sameiginlegar pólitískar stefnur sem geta greitt fyrir rekstri og framkvæmd ferðaþjónustu á norðurslóðum sem er sjálfbær til lengri tíma liðið á sviðum atvinnulífs, samfélags og umhverfis. Norðurlandaráð lætur Norrænu ráðherranefndinni eftir að skera úr um hvort skipuleggja eigi samstarfið innan ramma sem fyrir er eða hvort skapa eigi nýjan sameiginlega vettvang.



Gautaborg, 25. júní 2019

Arman Teimouri (L)
Freddy André Øvstegård (SV)
Helge André Njåstad (FrP)
Lorena Delgado Varas (V)
Lulu Ranne (saf)
Mikael Staffas (Lib)

Nils Aage Jegstad (H)
Pyry Niemi (S)
Ruth Mari Grung (A)
Solveig Sundbø Abrahamsen (H)
Stein Erik Lauvås (A)